
Eineltisáætlun Ungbarnaleikskólans Ársól



Ungbarnaleikskólinn Ársól
Heilsuleikskóli
Völundarhúsum 1
112 Reykjavík
Sími: 563-7730
Netfang: arsol@skolar.is
Veffang: <http://arsol.skolar.is/>

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Forvarnir gegn einelti í leikskólanum	4
Það sem við getum öll gert (foreldrar og starfsfólk leikskólans)	5
Verkátun vegna eineltis í barnahópum	5
Könnunarstig	5
Framkvæmdastig	5
Hugmyndir að námsefni og aðferðum til að vinna með í áætlun	6
Fyrirmyndir og orðræða	6
Bitáætlun Ársólar	6
Engilráð	6
Ekki meir	7
Hjálparhendur	7
Verkátun vegna eineltis í starfsmannahópnum	7
Fyrirbyggjandi ráðstafanir	7
Viðbragðsáætlun	8
Heimildir	9

Inngangur

Markmið með eineltisáætlun þessari er að gera starfsfólk leikskólans meðvitað um einelti í allri sinni mynd þannig að það þekki einkenni eineltis, séu vakandi fyrir slíkri hegðun og geti brugðist við henni. Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti til að forðast misskilning. Í reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað er hugtakið skilgreint á eftirfarandi hátt:

Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir (Rg. 1009/2015).

Enn fremur skulu allir starfsmenn leikskólans vera meðvitaðir um að hægt sé að koma í veg fyrir að einelti eigi sér stað með því að eiga góð samskipti hvert við annað. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á samskiptum í skólum og hvaða áhrif jákvæð og kærleiksrík samskipti hafa á skólabrag. Skólabragur vísar til samskipta innan skólans, sem hafa áhrif á líðan nemenda, þroska þeirra og nám í leik og starfi. Þessar rannsóknir hafa sýnt fram á að hægt sé að finna bein tengsl eru á milli góðs skólabrags og velgengni og líðan nemenda (Fullan, 2007; Börkur Hansen 2003; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Goleman, 2006; Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006).

Í Ársól skilgreinum við einelti meðal mjög ungra barna sem síendurtekin óæskileg hegðun, s.s. að bíta, hrinda og/eða slá annað barn/börn. Ekki er endilega um einn ákveðinn þolanda að ræða heldur frekar að vitsmunaproski barns (í þessu tilviki geranda) er ekki búinn að þroskast yfir í að kunna að tjá sig á annan máta og því þarf að leiðrétta óæskilega hegðun með samhæfðum verkferlum allra starfsmanna og foreldra.

Þegar vitneskja um einelti berst til leikskólans frá forráðamönnum nemenda eða starfsfólki skólans, er leikskólastjóra tjáð um aðstæður sem allra fyrst. Það er undir leikskólastjóranum komið að ákvarða hvað sé gert í framhaldinu og ef þurfa þykir, kallar til samstarfs við aðra fagaðila. Treysti t.d. starfsmaður sér ekki til að leita til leikskólastjóra skal hann leita til næsta yfirmanns (s.s. deildarstjóra), trúnaðarmanns stéttarfélags síns, öryggisfulltrúa leikskólans eða annars aðila sem hann treystir til að bera vitneskjuna áfram til viðeigandi aðila. Fyllsta trúnaðar á að vera gætt við verkferli allra eineltismála.

Útgefandi: Ungbarnaleikskólinn Ársól

Ábyrgðarmaður: Berglind Grétarsdóttir

Ritnefnd: Inga Dóra Magnúsdóttir og Halldór K. Helgason

Júní 2018

Forvarnir gegn einelti í leikskólanum

Mikilvægt er að vinna vel með eftirfarandi atriði í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppræta einelti:

- *Samskipti,*
- *umburðarlyndi,*
- *vinátta,*
- *félagsþroski,*
- *samkennd og samhyggð,*
- *og að setja sig í spor annarra.*

Þá þarf einnig að vinna með hvern og einn einstakling, hvort um er að ræða barn eða starfsmann, styrkja hann og byggja upp til framtíðar. Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir auk þess að bera virðingum fyrir tilfinningum og sérkennum allra einstaklinga. Slík fyrirmynd skal vera í fyrirrúmi gagnvart bæði samstarfsfólki, nemendum skólans og forráðamönnum þeirra. Haga skal forvörnum gegn einelti í leikskólanum þannig að:

- Leikskólastjóri beri ábyrgð á að eineltisáætlun sé kynnt reglulega.
- Leikskólastjóri sé alltaf ábyrgur fyrir þeim verkferlum sem fara í gang varðandi eineltismál. Hann sjái um að upplýsingar og vitneskja berist á viðeigandi staði eftir eðli málsins. Einnig ber hann höfudábyrgð á að farið sé eftir þessari áætlun.
- Það sé á ábyrgð allra starfsmanna leikskólans að fara eftir þessari áætlun og vera vakandi fyrir aðstæðum sem geti leitt til .
- Deildarstjóri hafi reglulega umræðu á deildarfundum um líðan, samskipti, hegðun og virðingu gagnvart starfsmönnum og nemendum. Einnig skal reglulega hafa umræðu um orðræðu milli allra einstaklinga og bitáætlun leikskólans. Bitáætlun skal vera sýnileg starfsfólki og forráðamönnum nemenda.
- Starfsmenn geri reglulega athuganir á samskiptum, félagslegum tengslum og líðan barnanna. Þetta skal vera gert í samræmi við aldur og þroska barnanna til að tryggja að þessir þættir samræmist því sem getur verið talið æskilegt.
- Starfsmenn eiga að vera fyrirmyndir barnanna og sýna þeim og leiða þau að því sem telst æskilegt varðandi samskipti, hegðun og virðingu. Orðræða er mikilvæg til þess að efla þau í tilfinningavitund og félagsþroska.
- Starfsmenn þjálfí börn út frá aldri og þroska í að vinna saman og sýna hverju öðru samkennd, virðingu, tillitsemi, sveigjanleika og umburðarlyndi. Starfsfólk skólans skal nýta fræðsluefni skólans og aðhyllast sjálft jákvæð og uppbyggjandi samskipti.
- Stuðlað sé að samvinnu heimila og leikskóla, t.d. með fræðslu um einelti meðal ungra barna fyrir foreldra. Stuðlað sé að samvinnu heimila og leikskóla hvað varðar samræmda bitáætlun leikskólans og aðrar uppeldisstefnur.
- Eftirlit sé haft með öllum starfsstöðvum leikskólans, s.s. útisvæði, leiksvæðum innan og utan deilda og í vettvangsferðum eins og kostur er. Aðstæður starfsstöðva skoðaðar reglulega.
- Starfsmenn stuðli að góðum skólabrag þar sem ríkir góður andi, jákvæð og uppbyggjandi samskipti, virðing, hjálpssemi og gleði.

Það sem við getum öll gert (foreldrar og starfsfólk leikskólans)

- Rækta góð samskipti við aðra, einelti fær illa þrifist þar sem góð samskipti ríkjá.
- Taka einelti, óháð formi og aldurs, alvarlega og reyna að koma í veg fyrir að það eigi sér stað.
- Afla góðra upplýsinga þegar við verðum vör við einelti.
- Hvetja börnin til þess að vera góð við hvert annað og styðja við bakið á þeim þegar bjátar á. Vegna þess hve ung börnin eru á Ársól verða börnin að læra frá þeim sem eldri eru hvernig á að haga sér í garð annarra barna, en einnig þurfa þau tækifæri til þess að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu þegar vel er að staðið.
- Hjálpa sérhverju barni sem verður fyrir einelti og sýna þeim samúð.
- Aðstoða börn sem leggja önnur börn í einelti við að breyta hegðunarmynstri sínu til betri vegar.
- Koma vitneskju um einelti til viðeigandi aðila, s.s. leikskólastjóra, deildarstjóra og forráðamanna.
- Vera vakandi fyrir líðan og félagslegri stöðu barnanna.
- Styrkja sjálfmynd barnanna og kenna þeim umburðarlyndi, samhyggð, vináttu, virðingu fyrir fjölbreytni og að setja sig í spor annarra.
- Stuðla að jákvæðum samskiptum barna innan sem utan leikskólatíma.

Verkátun vegna eineltis í barnahópum

Könnunarstig

Vegna ungs aldurs barnanna getur mögulega reynst erfitt að greina línuna á milli eineltishegðunar og þegar barn er einungis að prófa mismunandi aðgerðir og viðbrögð frá nánasta félagsumhverfi.

Þegar vitneskja berst um einelti til leikskólans frá forráðamönnum nemenda eða starfsfólki leikskólans er henni komið til leikskólastjóra. Hann greinir málið samkvæmt skilgreiningu leikskólans á einelti og kallar til samstarfs við sig þá aðila sem þurfa þykir. Á könnunarstigi er leitað eftir upplýsingum frá kennurum eða öðrum sem koma að skólastarfinu. Deildarstjóri skráir hjá sér hver verður fyrir einelti, hver beitir því, tíðni, hvar það á sér stað o.fl. Í framhaldi af slíkum skráningum er hugsanlegt að hafa skipulögð viðtöl við foreldra þar sem að verkferlar eru ræddir. Deildarstjóri ákveður næstu skref eftir eðli málsins og getur ráðfært sig við leikskólastjóra. Hér gegnir skráning lykilhlutverki.

Framkvæmdastig

1. Ef metið er að um einelti sé að ræða gerir leikskólastjóri deildarstjóra og forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni. Farið er yfir:
 - Hver viðbrögð leikskólans eru til að aðstoða þolanda/polendur og geranda/gerendur.
 - Hvað forráðamenn þolanda/polendur og geranda/gerendur geta gert til aðstoðar barni sínu og leikskólanum og hver ábyrgð forráðamanna er í eineltismálum.
 - Að foreldrar geti sjálfir haft samband við leikskólastjóra.
 - Samstarf foreldra og deildarstjóra um að fylgja málinu eftir.

- Foreldrum er gert kunnugt um samræmda bitáætlun leikskólans og hvers konar orðræðu starfsmenn nota í samskiptum við börnin. Foreldrar eru hvattir til þess að nýta sér þau tæki utan leikskólans.
2. Deildarstjóri gerir viðkomandi starfsfólki grein fyrir stöðu mála.
 3. Unnin er áætlun sem allir starfsmenn kynna sér og fara eftir, t.d. bitáætlun leikskólans og tekið mið af einstaklingnum og hvers kyns hegðun er til skoðunar. Ekki er unnt að gefa upp ákveðnar vinnureglur heldur skal litið á hvert mál sem einstakt.
 4. Allt ferlið er skráð í dagbók af deildarstjóra og foreldrar eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik. Leikskólastjóri fylgist með framgangi málsins.
 5. Meta þarf árangur áætlunar. Einnig þarf að meta hvort gerandi/gerendur hafi lært æskilegar leiðir til tjáningar en þetta á við t.d. þegar um bit er að ræða. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja leikskólans er leitað til sérfróðra aðila í stoðkerfi leikskólans.

Hugmyndir að námsefni og aðferðum til að vinna með í áætlun

- Fullorðnir sem fyrirmyndir og orðræða við börn
- Engilráð
- Ekki meir
- Hjálparhendur

Fyrirmyndir og orðræða

Starfsfólk leikskólans skal tileinka sér vera jákvæðar fyrirmyndir barnanna í einu og öllu og leggja áherslu á að allir séu góðir við hvert annað og stuðli að jákvæðum samskiptum. Ársól hefur unnið sértæka og samræmda bitáætlun sem er ákveðið verkferli á hverri einustu deild leikskólans þegar upp koma atvik þar sem barn bítur annað barn.

Bitáætlun Ársólar

Þegar börnin bíta

1. Aðskilja börnin (þann sem beit og þann sem var bitinn)
2. Segja „**Ekki bíta**“ við þann sem beit
3. Hugga þann sem var bitinn, veita honum mikla athygli til að sýna honum (og hinum börnunum) að hann gerði ekkert rangt
4. Ef mögulegt er, láta þann sem beit vera „a“ við þann sem var bitinn

Ekki skamma þann sem beit, það er eðlilegt fyrir börn á þessum aldri að bíta, þau eru að kanna heiminn og læra á hann. Oft bíta þau líka því þau eru í aðstæðum sem þau ráða ekki við, einhver tók af þeim dót, þeim líður ekki vel o.fl.

Mikilvægt er að kenna þeim sem bíta aðrar leiðir til að tjá sig, og fá það sem þau vilja án þess að bíta. Til dæmis „ekki taka“, „nei“ eða „ég vil ekki“.

Engilráð

Engilráð er námsefni sem kennarar á Ársól nýta sem tæki til að kenna börnum að leita huggunar ef eitthvað bjátar á, að sýna öðrum umhyggju og að sefa sig sjálf. Tuskudýr eins og Engilráð eru tilvalin til að nýta í kennslu með ungum börnum. Þau geta örvað tilfinningaþroska barna, hjálpað þeim að tjá ástúð og væntumþykju, verið hughreystandi, hvatt til samskipta og dregið

úr streitu á erfiðum augnablikum (Sjónarhóll - ráðgjafarmiðstöð ses., 2012). Á Ársól er því tilvalið að nýta Engilráð sem boðbera umburðarlyndis og kærleika gagnvart öðrum, en það eru gildi sem berjast á móti einelti.

Ekki meir

Bókin Ekki meir er leiðarvísir í aðgerðum gegn einelti fyrir starfsfólk skóla, íþrótta- og æskulýðsfélög, foreldra og börn. Bókin fjallar um úrvinnslu eineltismála, viðbrögð og viðbragðsáætlun í eineltismálum. Reynt er að miðla ákveðnu verklagi, hvernig best er að forgangsraða í úrvinnsluferlinu og hvað einkennir fagleg vinnubrögð. Mikil áhersla er lögð á að bókin hafi almennt notagildi fyrir fullorðna og börn, gerendur og þolendur (Kolbrún Baldursdóttir, 2012)

Hjálparhendur

Hjálparhendur er námsefni sem kennir börnum að hjálpa öðrum með því að nota snertingu á vinalegan og hjálplegan hátt. Verkefnið *Hjálparhendur* er upphaflega ætlað að vera þannig að börnin setji hendur sínar sitt hvorum megin við þann stað sem einstaklingur finnur til og hugsar og/eða talar fallega til hans. Í Ársól er verkefnið einfaldað þannig að börnin strjúki einstaklingi sem finnur til, vinalega og í rólegheitum, t.d. á höfði. Starfsfólk eru alltaf fyrirmyndir barnanna og því er æskilegt að þeir séu duglegir að bjóða *Hjálparhendur* með þeirri aðferð sem þeir kjósa (Upledger, 2000; Upledger stofnunin á Íslandi, e.d.).

Verkáætlun vegna eineltis í starfsmannahópnum

Mikilvægt er að hafa í huga að hér er ekki átt við skoðanaágreiningu eða hagsmunaaðrekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna. Móðganir teljast ekki sem einelti nema þær séu endurteknar. Þólandi getur þar að auki látið gerandanum í ljós að honum sé misboðið eða rætt við trúnaðarmann eða leikskólastjóra um málið.

Í Ungbarnaleikskólanum Ársól er skýrt tekið fram að einelti viðgangist ekki á vinnustaðnum, leikskólastjóri ræðir það við nýtt starfsfólk áður en þau hefja störf og einnig er rætt reglulega um jákvæð samskipti á deildar- og starfsmannafundum. Settur hefur verið saman listi yfir fyrirbyggjandi ráðstafanir sem talið er að komi að góðum notum. Hér að neðan er einnig viðbragðsáætlun þar sem tekið er fram hverjir bera ábyrgð, til hvers skal leita innan vinnustaðarins og hvað verði gert til að leysa vandann.

Fyrirbyggjandi ráðstafanir

- Mikilvægt er að ýta undir jákvæðan starfsanda og umburðarlyndi innan starfsmannahópsins.
- Regluleg og opin umræða á vinnustaðnum um hugsanlega þætti í vinnuumhverfinu sem ýtt geta undir einelti.
- Skýr stefna um að einelti sé ekki liðið á vinnustaðnum.

- Setja fram samskiptareglur sem ber að hafa að leiðarljósi í samskiptum milli starfsfólks.
- Bregðast fljótt við árekstrum, vandamálum og samskiptaörðugleikum milli starfsfólks.
- Setja fram reglur um umgengni sem gilda á vinnustaðnum.
- Skýr afmörkun á ábyrgð starfsmanna og því sem vænst er af þeim.
- Góðar leiðbeiningar um hvernig hægt sé að leita sátta í deilum.

Viðbragðsáætlun

Ef upp kemur einelti á vinnustaðnum:

- Þolandi leitar til leikskólastjóra, deildarstjóra, trúnaðarmanns eða aðila sem þolandi treystir sér til að ræða við.
- Ef ekki er leitað til leikskólastjóra beint skal viðbragðsaðili leita til leikskólastjóra og ræða um næstu skref.
- Leikskólastjóri bregst við eins fljótt og auðið er í samstarfi við öryggisfulltrúa og aðra aðila sem leikskólastjóra þykir mikilvægt að leita til.
- Þolandi ákveður í samráði við öryggisfulltrúa hvernig farið verður með málið á vinnustaðnum.
- Val á milli óformlegrar og formlegrar málsmeðferðar
 - Óformleg málsmeðferð: Upplýsinga leitað frá þolanda, honum er veittur stuðningur með samtölum eða ráðgjöf, aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið.
 - Formleg málsmeðferð: Hlutlaus athugun á málsatvikum og lausn fundin, t.d. breyting á vinnustað, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Haft er samband við alla sem að málinu koma þ.á.m. hugsanleg vitni. Fá öll gögn, tölvupósta, smáskilaboð, ef þau eru til staðar. Fá aðila málsins til að lýsa atburðum í stað ásakana og sleggjudóma. Mikilvægt er að hlustað sé vel á báða einstaklinga.
- Lausn getur verið leiðsögn fyrir gerandann, aðvörun eða tilfærsla í starfi.
- Stuðningur við þolendur, stuðningssamtöl, ráðgjöf.
- Upplýsingagjöf til starfsmanna, eftir því sem við á.

Ef þolanda reynist ekki unnt að leita aðstoðar innan vinnustaðarins vegna eineltis getur hann haft samband við stéttafélag sitt eða Vinnueftirlitið. Hægt er að afla sér upplýsinga á www.vinnueftirlit.is. Þolendur kynferðislegrar áreitni geta leitað sér ráðgjafar og stuðnings hjá Stígamótum.

Heimildir

- Börkur Hansen (2003). *Stofnanamenning og stjórnun*. Í Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson, Steinunn Helga Láusdóttir (ritstjórar), Fagmennska og forysta. Þættir í skólustjórnun (bls. 49–61). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Elgas, P.M., & Lynch, E. (1998). Play. Í L. J. Johnson, M. J. LaMontagne, P. M. Elgas & A. M. Bauer (Eds.), *Early childhood education: Blending theory, blending practice* (pp. 111-134). Baltimore: Paul H. Brookes.
- Fullan, M. (2007). *The new meaning of educational change* (4. útgáfa). New York: Teachers College press.
- Goleman, D. (2006). The Socially Intelligent Leader. *Educational Leadership*, 64, 76–81.
- Guðjón Ólafsson (1996). *Einelti*. Reykjavík: Uppi.
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns (2006). „*Gullkista við enda regnbogans*“. Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005–2006. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Sótt 5. nóvember 2008 af http://starfsfolk.khi.is/ingvar/agi/Skyrsla_Hegdun_Lokagerd.pdf
- Kolbrún Baldursdóttir (2012). *Ekki meir*. Reykjavík: Skólavefurinn ehf.
- Rg. 1009/2015. *Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum*. Sótt þann 12. júní af <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1009-2015>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007). *Virðing og umhyggja*. Reykjavík: Heimskringla háskólaforlag Máls og menningar.
- Sjónarhóll - ráðgjafarmiðstöð ses. *Engilráð*. Sótt 5. nóvember 2012 af <http://www.sjonarholl.net/engilrad-andarungi/tuskudyrid/>
- Upledger stofnunin á Íslandi (e.d.). *Hjálparhendur*. Sótt 10. febrúar 2010 af http://www.upledger.is/index.php?option=com_content&task=view&id=59&Itemid=70.
- Upledger, J. E. (2000). Upledger foundation's compassionate touch program yields compelling results. *Up close. Healthplex clinical services*. 13, grein nov00. Sótt 10. apríl af <http://www.upledger.com/newsletters/UPCNOV00.pdf>.
- Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* (1993). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.